



Varðandi: Opið bókhald Akraneskaupstaðar

Málsnúmer: 1911048

Dagsetning: 27.11.2019

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að bókahald Akraneskaupstaðar verði opnað á ný fyrir almenning í gegnum lausn Power BI og verður til birtingar á heimasíðu Akraneskaupstaðar. Stefnt verði að opnun bókahaldsins í ársbyrjun 2020. Jafnframt samþykkir bæjarráð fyrirbyggjandi verklagsreglur um Opið bókahald og framkvæmd prófanalýsinga.

GREINARGERÐ:

Í apríl 2018 varð öryggisbrot í gegnum opið bókhald Akraneskaupstað með þeim afleiðingum að aðgengilegar voru viðkvæmar og persónurekjanlegar upplýsingar. Síðan þá hefur verið gripið til ákveðinna ráðstafana og undirbúnings fyrir enduopnun bókahaldsins.

Gerður var samningur við fyrirtækið Metadata þar sem sérfræðingur á þeirra vegum veitti ráðgjöf á sviði viðskiptagreiningar (BI) ásamt því að sinna viðhaldi, smíði og uppsetningu á Opnu bókahaldi Akraneskaupstaðar. Markmiðið var að tryggja áreiðanleika kerfisins þar sem persónugreinanleg gögn væru ekki aðgengileg og rekjanleiki gagna til staðar. Samhliða þessari vinnu hafa verið samdar verklagsreglur sem skýra ábyrgð og hlutverk hvers og eins þegar kemur að prófunum og birtingu gagna í opnu bókhaldi. Prófanalýsingar verða framkvæmdar í hvert skipti sem ný lota er keyrð inn í kerfið. Ásamt prófunum verður ákveðinn hópur innan starfsemi Akraneskaupstaðar fenginn til að framkvæma ákveðna þætti áður en ný lota er gerð opinber. Með því viljum við taka aukin skref í að tryggja öryggi kerfisins og þeirra ganga sem verið er að vinna með.

Persónuverndarfulltrúi framkvæmdi svokallað MÁP eða mat á áhrifum um persónuvernd um opið bókhald Akraneskaupstaðar og var leitað eftir fyrirframsamráði við Persónuvernd um þetta tiltekna MÁP. Svar Persónuverndar barst fyrir stuttu síðan þar sem fram komu engar athugasemdir um MÁP-ið og telja þeir ekki ástæðu að ætla að þessi vinnsla muni brjóta í bága við ákvæði laga og/eða



Akraneskaupstaður

reglugerðar um persónuvernd. Persónuvernd taldi þó rétt að árétta nokkur atriði sem nú þegar hefur verið farið yfir og gripið til viðeigandi ráðstafana um.

Að framangreindu sögðu er því lagt til að Akraneskaupstaður opni bókhald bæjarins til að auka aðgengi að fjárhagsupplýsingum og skýra á myndrænan og á einfaldan hátt ráðstöfun fjármuna sveitarfélagsins. Opnun bókhaldsins er liður í að uppfylla skilyrði skýrslu sem samþykkt var á Sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins, CG32(2017)15final, til að bæta m.a. opinbera þjónustu.

Virðingarfyllst,

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, verkefnastjóri

Berglind Helga Jóhannsdóttir, persónuverndarfulltrúi